



Samgöngustefna Háskóla Íslands
sbr. sjálfbærni- og umhverfisstefnu Háskóla Íslands sem var samþykkt í
háskólaráði 1. mars 2012

Vegna aukinnar umferðar einkabíla, mengunar og kostnaðar við gatnagerð og dýran rekstur bílastæða hvetur Háskóli Íslands nemendur og starfsmenn til að nýta sér fjölbreyttari samgönguhætti við að komast til og frá háskólanum.

Þannig leggur HÍ sitt af mörkum til að mæta auknum kröfum samtímans um umhverfisvernd og sjálfbærar samgöngur innan þess ramma sem Reykjavíkurborg setur í samgöngustefnu sinni.

Markmið samgöngustefnu Háskóla Íslands eru:

1. Að gera háskólaumhverfið vistvænna.
2. Að draga úr umferð og mengun á háskólalóðinni.
3. Að stuðla að bættri heilsu nemenda og starfsmanna.
4. Að fjölga ekki bílastæðum á lóð háskólans.

Til þess að ná settum markmiðum mun háskólinn gera eftirfarandi:

- Efla aðstöðu fyrir hjólandi vegfarendur á háskólasvæðinu með uppsetningu einfaldrá hjólagrinda auk yfirbyggðra og bæta hljólastíga eins og kostur er.
- Gera samgöngusamning við Strætó um betri kjör á strætókortum fyrir starfsmenn skólans og samgöngusamninga við starfsfólk.
- Vinna með Strætó að bættri þjónustu við nemendur og starfsmenn t.d. með hringakstri á háskólasvæðinu, bættum aðbúnaði í biðskýlum og aðgengilegri upplýsingagjöf um leiðakerfi.
- Þjóða gestum á einkabíl í styttri erindagjörðum aðgang að gjaldskyldum skammtímastæðum.
- Auka gjaldtöku fyrir bílastæði smátt og smátt og fækka bílastæðum.
- Standa fyrir fræðslu um kosti vistvænna samgöngumáta.

21.8.2012